

Ár 2017, fimmtudaginn 26. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör skógræktarstjóra

### I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Skógræktarstjóri er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða skógræktarstjóra laun.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 12. janúar 2016 frá skógræktarstjóra. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör skógræktarstjóra og samræmi þau kjörum forstöðumanna ríkisstofnana með sambærilegt álag og ábyrgð. Fram kemur í bréfinu að í hönd fari vinna við sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt, en ætlunin sé að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. júlí 2016. Sú vinna hafi í för með sér mikil fundahöld og ferðalög og töluverða vinnu utan hefðbundins vinnutíma. Eftir sameininguna taki síðan við tímabil aukins álags vegna samræmingar og annarra verkefna sem óhjákvæmilega fylgi breytingum á stofnunum. Eftir sameininguna verði skógræktarstjóri forstöðumaður yfir stofnun sem sé um 60% stærri en Skógrækt ríkisins hafi verið, bæði hvað varði fjárhag og mannahald. Ætla megi að í nýrri stofnun nemi stöðugildi 70-80 ársverkum í stað þeirra 50 sem verið hafi hjá Skógrækt ríkisins. Miðað við fjárlög 2016 og svipaðar sértekjur og undanfarin ár verði velta sameinaðrar stofnunar vel á annan milljarð króna. Í kjölfar sameiningarinnar muni skógræktarstjóri bera ábyrgð á að framfylgja um 700 samningum við skógarbændur, en sú ábyrgð hafi til þessa legið hjá stjórnnum landshlutaverkefnanna sem lagðar verði niður. Því sé um að ræða verulega aukningu á ábyrgð umfram það sem verið hafi hjá skógræktarstjóra.

Með bréfum dagsettum 8. febrúar 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis skógræktarstjóra, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 17. febrúar 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Skógræktarinnar hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun skógræktarstjóra að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans og telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun hans.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 8. júlí 2016. Í bréfinu styður ráðuneytið sjónarmið skógræktarstjóra um breytingar á launum. Fram kemur að þegar lög um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar (sameining stofnana), nr. 60/2016 hafi tekið gildi 1. júlí 2016 hafi Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt sameinast í eina stofnun, Skógræktina. Segir jafnframt að eftir sameiningu taki við tímabil aukins álags vegna samræmingar og annarra verkefna sem fylgi þessum breytingum. Segir einnig að eftir sameininguna verði skógræktarstjóri forstöðumaður yfir stofnun sem sé 60% stærri en Skógrækt ríkisins var, bæði í fjárhag og mannahaldi. Eftir sameiningu beri skógræktarstjóri ábyrgð á að framfylgja um 700 samningum við skógarbændur, en það verkefni hafi áður verið á ábyrgð fimm stjórna landshlutaverkefna.

Með bréfi dagsettu 18. júlí 2016 fékk skógræktarstjóri send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við

efni þeirra. Í bréfi skógræktarstjóra dagsettu 25. júlí 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

### III.

Samkvæmt lögum um skógrækt nr. 3/1955 með síðari breytingum skal Skógræktin rekin með því markmiði að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar sem eru í landinu, græða upp nýja skóga þar sem henta þykir og leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það sem að skógrækt og skóggæðslu lýtur. Með lögum nr. 60/2016 er mælt fyrir um sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt samkvæmt lögum nr. 95/2006 í nýja stofnun, Skógræktina. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum nr. 60/2016 kemur fram að markmið breytinganna sé að gera stjórnarsýslu skógræktarmála skilvirkari og samræmdari, auka faglega getu og yfirsýn og styrkja byggð, meðal annars með því að styrkja starfsstöðvar í héraði.

Samkvæmt lögum um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006 með síðari breytingum skal Skógræktin eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum, í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf. Í hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan við 400 metra yfir sjávarmáli. Skógræktin skal vinna sérstaka áætlun vegna skógræktar á lögbýlum fyrir hvern landshluta. Áætlunin skal ná yfir 40 ár og taka mið af bæði skógræktarlegum og hagrænum forsendum. Áætlunin eða einstaka þætti hennar skal endurskoða á 10 ára fresti, eða oftar ef ljóst er að forsendur áætlunar bresta og leiðréttu ef afgerandi frávik verða. Skógræktin skal hafa samráð við félag skógarbænda á viðkomandi svæði varðandi áherslu og framkvæmd skógræktar á lögbýlum og skal fundað í þeim tilgangi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skógræktin skal gera samning um þátttöku í skógræktarverkefni við hvern skógarbónda sem fær framlag samkvæmt ákvæðum laganna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar skógræktarstjóra til fimm ára í senn og skal hann hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan. Skógræktarstjóri ræður skógarverði og skulu þeir ekki vera færri en einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skóggæðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum sem þeim eru falin.

Aðalstöðvar skógræktarinnar skulu vera á Fljótsdalshéraði.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Skógræktin er ný stofnun sem varð til við sameiningu Skógræktar ríkisins og landshluta-verkefna í skógrækt. Við ákvörðun launa skógræktarstjóra hefur verið höfð hliðsjón af

launum skógræktarstjóra eins og þau voru fyrir sameiningu, en tekið mið af auknu umfangi og verkefnum hinnar nýju stofnunar. Þá var einnig höfð hliðsjón af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun skógræktarstjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun skógræktarstjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 866.128 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skógræktarstjóra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber